

Nr. 8/1894:

Sigfús G. Sveinbjarnarson

gegn

Skapta Jósepsyni vegna Konráðs
Hjálmarssonar.

D ó m u r :

Í hjerði var mál þetta höfðað af Skapta Jósepsyni fyrir hönd Konráðs borgara Hjálmarssonar gegn áfrýjandanum Sigfúsi G. Sveinbjarnarsyni fyrir meidyrði hans um Konráð og var það dæmt í gestarjetti Suður-Múlasýslu 19. sept. f. á. á þá leið, að áfrýjandi var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs eða sæta einföldu fangelsi í 15 daga, hin átöldu meidyrði voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað að upphæð 50 kr. Dómi þessum hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt hingað í málinu kand. Skapta Jósepsyni, sem varnaradila. Þar sem Konráð Hjálmarsson var hinn eiginlegi sóknaradili í hjerði, þótt hann með skjali, dags. 3. júlí 1893, fengi kand. Skapta Jósepsyni fullt og ótakmarkað umboð »til að sækja mál þetta« fyrir hans hönd »með sátt eða dómi« og Skapti sje kallaður »dominus litis« í umboðsskjalinu, þá átti að stefna Konráði við áfrýjun málsins hingað til rjettarins. Þar sem það hefir eigi verið gjört, verður ex officio að frávísa stefnunni í málinu, og eptir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 10 kr. sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Stefnunni í máli þessu frávísað. Áfrýjandinn,

Sigfús G. Sveinbjarnarson, greiði hinum stefnda, kand. Skapta Jósepssyni, 10 kr. sem málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 7/1894:

Sigfús G. Sveinbjarnarson
 gegn
 Skapta Jósepssyni vegna Bjarnar
 Bjarnarsonar.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi Skapti kand. Jósepsson vegna Bjarnar bónda Bjarnarsonar í hjerði, gegn áfrýjandanum Sigfúsi Sveinbjarnarsyni, fyrir meiðyrði hans um Björn bónda, og var það dæmt í gestarjetti Suður-Múlasýslu 20. sept. f. á., á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi og að auki greiða 50 kr. í málskostnað; svo voru og hin átöldu meiðyrði dæmd ómerk. Þessum dómi hefir Sigfús G. Sveinbjarnarson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 30. jan. þ. á., og hefir hann stefnt Skapta Jósepssyni til að mæta í sökinni. Þar sem Björn Bjarnarson var hinn eiginlegi sóknaraðili í hjerði, þótt hann með umboðsskjali, dags. 18. júlí 1893, gæfi Skapta Jósepssyni sem »dominus litis«, eins og að orði er komizt, fullt og ótakmarkað umboð til að framfylgja meiðyrðamáli þessu til dóms og laga, þá átti að stefna Birni við áfrýjun málsins hingað til rjettarins. Þar sem það hefir eigi verið gjört, verður ex officio að frávísa stefnunni,